



Aðalfundur Kayakklúbbsins

18. febrúar 2016

Gögn aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar 2015
2. Ársreikningur 2015
3. (Skýrslur nefnda eru eingöngu birtar með rafrænum hætti á heimasíðu klúbbsins)

Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Skýrslur nefnda lagðar fram.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.
5. Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.
6. Reikningar bornir upp til samþykktar.
7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.
8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.
9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.
10. Ákvörðun félagsgjalda.
11. Önnur mál.
12. Fundargerð.
13. Fundarslit

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Kayakklúbbsins 2015 fór fram 26. febrúar 2015 að viðstöddum 25 félagsmönnum. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, stjórn og nefndir lögðu fram skýrslur sínar og farið var yfir endurskoðaða reikninga. Fjárhagsleg staða klúbbsins er stöðug og samþykkt var að hafa félagsgjöld óbreytt 4500 kr. Enginn breyting varð á stjórn, Klara Bjartmarz hélt áfram sem formaður og með henni í stjórn voru þeir Andri Þór Arinbjörnsson, Gísli S Karlsson, Sigurjón Magnússon og Sveinn Axel Sveinsson. Eins og áður voru fjörugar umræður á aðalfundi undir liðnum önnur mál þar sem meðal annars var rætt um sundlaugarmál, aðstöðuna í Geldinganesi, umhverfis- og öryggismál og margt fleira. Ólafía Aðalsteinsdóttir var fundarstjóri og fundarritari var Sveinn Axel Sveinsson.

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórn með sér verkum. Gísli hélt áfram sem gjaldkeri og Sveinn Axel sem ritari. Farið var yfir nefndarskipan en vel tókst til með mönnun nefnda sem endranær. Starfsárið var með hefðbundnum hætti og fastir dagskrárliðir voru áberandi á starfsárinu. Þar ber helst að nefna þórraróður, Hörpuróður, friðarsúluróður, gamlársróður og starfsdag á Geldinganesinu. Skemmtileg nýbreytni ár var „róðrardagbókin“ þar sem Sveinn Axel tók sig til og skráði róðra úr dagbókinni á Geldinganesi. Gaman var að sjá yfirlit yfir árið, bæði heildaryfirlit og svo og hafa flestir gaman að því að fylgjast með eigin „afrekum“. Það er tilfinning fráfarandi formanns að mæting í félagsróðra hafi verið með ágætum á síðasta ári, sérstaklega seinni hluta árs. Það var góð nýting á klúbbbátum og búnaði klúbbsins og lögð var áhersla á það að taka vel á móti nýliðum. Róðrarstjórakerfi það sem tekið var upp fyrir nokkrum árum heldur áfram að sanna gildi sitt og er án efa komið til að vera.

Fráfarandi stjórn skilar af sér fullnýttum geymsluplássum í Geldinganesi og ennþá er staðan óviss varðandi framtíð siglingastarfs í Nauthólsvík. Það er aðalfundur að marka framtíðarstefnu í húsnaðismálum klúbbsins. Utanumhald höfuðstöðvanna í Geldinganesi hefur hvílt á húsnaðisnefnd og þar hefur gott starf verið unnið undanfarin ár.

„Kóngur vill sigla en byr ræður“

Dagskrá ferðanefndar var metnaðarfull í ár en veðrið tók völdin eins og stundum vill verða og því féllu margir dagskrárliðir nefndarinnar niður. Hápunktur starfsins stóð þó fyrir sínu, vel heppnuð Breiðafjarðarferð í byrjun ágúst að vanda. Keppnishald var hefðbundið í ár, klúbburinn stóð fyrir Reykjavíkurbíkar og hálfmaraþoni en því miður virðist áhugi félagsmanna á þessum viðburðum takmarkaður.

Það á það sama við um keppnismál og húsnaðismál, það er aðalfundur að marka stefnuna í keppnismálum sem eiga sér langa sögu innan klúbbsins. Umræður um tæknikeppni komu upp á árinu, skiptingu í keppnisflokka, öryggismál í keppnum og annað slíkt.

Fjármál Kayakklúbbsins eru eins og áður stöðug, enda hefur lítið verið um fjárfestingar á árinu. Nú þegar runnið er upp afmælisár gefur stöðugur fjárhagur góð tækifæri hvað varðar innra starf í klúbbnum, til dæmis hvað varðar fræðslumál, afmælishátíð og fleira.

Að venju voru umhverfismál áberandi í starfi Kayakklúbbsins en klúbburinn skilaði álitum til atvinnuveganefndar Alþingis vegna umsagnar um Náttúruverndarlögin sem var unnin af Reyni Tómasi Geirssyni sem jafnframt sat fund hjá atvinnuveganefnd. Álitid var samþykkt af stjórn Kayakklúbbsins áður en það var sent í nafni félagsins. Nýju náttúruverndarlögin hafa mælst afar illa fyrir hjá flestum útivistarfélögum landsins. Í raun eru litlar sem engar breytingar sem hafa áhrif á kayakræðara, en réttur landeigenda er aukinn á kost almanna hagsmuna.

Ásta Þorleifsdóttir hefur gætt hagsmuna okkar varðandi umhverfismál í mörg ár, sat einnig fund atvinnuveganefndarinnar vegna Náttúruverndarlaganna. Hún hefur einnig verið í sambandi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og borgarstjóra vegna málefni Leirvogs og setlaga í voginum. Árið 2006 var fyrst vakið mál á því að þörf væri á því að rjúfa eiðid í Geldinganesi að nýju, með skurði eða ræsi (eftir að grjótnámi í Geldinganesi lauk). Síðan þá hefur eðjan safnast fyrir í stórum stíl og þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hefur ekkert gerst. Ekki má gleyma að Blikastaðakróin er friðlýst af borginni.

Gísli Friðgeirsson var fulltrúi Kayakklúbbsins í samráði Skipulagsstofnunar fyrir gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og lagði Gísli áherslu á frjálsa för ræðara og hagsmuni útivistar við strendur landsins. Í tengslum við verkefni sat Gísli í vinnuhópi um ströndina með fulltrúum sjávarbyggða. Málið var lagt fram á haustþingi Alþingis, mál 101, tillaga til þingsályktunar og er nú í umhverfis- og samgöngunefnd eftir fyrri umræðu eins og sjá má á vef Alþingis.

Þá skilaði Kayakklúbburinn álitum vegna endurskoðunar á stefnumörkun Þingvallarþjóðgarðs sem átti að ljúka og birta almenningi á síðasta ári. Sveinn Axel sat fund sem var boðaður með fulltrúum helstu útivistarfélaga landsins með starfsmönnum Þingvallarþjóðgarðsins og setti saman álit Kayakklúbbsins sem var samþykkt af stjórn Kayakklúbbsins. Endurskoðuð stefnumörkun Þingvallarþjóðgarðs hefur enn ekki verið birt.

Einnig minnti Kayakklúbburinn Reykjavíkurborg á starfsemi klúbbsins í tengslum við umræðu um framtíðarskipulag Gufuness og óskaði eftir því að tekið yrði tillit til starfsemi klúbbsins í framtíðarskipulaginu. Reykjavíkurborg staðfesti í framhaldinu að klúbburinn væri einn af hagsmunaaðilum sem kæmu að umræðu um framtíðarskipulagi svæðisins.

Líkt og síðustu ár hefur mesta starfsemi klúbbsins verið á vettvangi sjókayaka en eitthvað er þó um að klúbbfélagar rói í straumvatni. Farið var í eina skipulagða ferð niður Hvítá og straumkayakfólk lét sjá sig á sundlaugaæfingum en þess utan er mesta straumkayakiðkunin utan klúbbsins.

Undirstaðan í starfsemi klúbbsins eru nefndir og sú vinna sem þar fer fram. Á árinu 2015 störfuðu eftirtaldar nefndir:

- Keppnisefnd, formaður Egill Þorsteinsson
- Ferðanefnd, formaður Hildur Einarsdóttir
- Húsnæðisnefnd, formaður Össur Imsland
- Sundlaugarnefnd, formaður Magnús Sigurjónsson

Ítarlega umfjöllun um starfsemi hverar nefndar má finna í skýrslu nefndanna sem er í skjalasafni á heimasíðu klúbbsins. Egill Þorsteinsson hefur tilkynnt að hann hyggst láta af störfum sem formaður keppnisnefndar. Er honum færðar þakkir fyrir gott starf í þágu klúbbsins. Stjórn Kayakklúbbsins þakkar öðrum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir þeirra miklu vinnu.